

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. nóvember 2023

Mál nr. E-2217/2022:

Ómar Antonsson og

Ómar Ingi Ómarsson

(Auðun Helgason lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu, Landhelgisgæslu Íslands

(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)

og **Verkís hf.**

(Gunnar Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 1. nóvember sl., var höfðað með stefnu, birtri 6. maí 2022, af stefnendum, þeim Ómari Antonssyni, Horni III, Höfn á Hornafirði, og Ómari Inga Ómarssyni, Horni I, Höfn á Hornafirði, á hendur stefndu, íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, Reykjavík, og Verkís hf., Ofanleiti 2, Reykjavík.

Stefnendur krefjast þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu, óskipt (*in solidum*), vegna tjóns sem stefnendur urðu fyrir er hryssan NN, sem ber grunnskrán-ingarmerki IS2018277273, drapst og hrossin Þór, sem ber einstaklingsmerkið IS2016177173, Nál, sem ber einstaklingsmerkið IS2008277272, Snædís, sem ber einstaklingsmerkið IS2011277270, og Víóla, sem ber einstaklingsmerkið IS2014277271, veiktust og lömuðust tímabundið, eftir að hafa komist í úrgangshey og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu sem stefndu komu fyrir á steinsteypum sökkulum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi, í landi jarðarinnar Horns.

Þá krefjast stefnendur þess að stefndu verði dæmdir óskipt til þess að greiða stefnendum málskostnað með tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Stefndu íslenska ríkið og Landhelgisgæsla Íslands krefjast sýknu af dómkröfum stefnenda, auk þess að krefjast málskostnaðar úr þeirra hendi.

Stefndi Verkís hf. krefst sýknu af dómkröfum stefnenda, auk þess að krefjast málskostnaðar úr þeirra hendi.

Fjölskipaður dómur í málinu fór á vettvang að Stokksnesi, á jörðinni Horni, þann 4. september sl., ásamt með fulltrúum allra málsaðila og kynntu sér þá aðstæður þar.

Ágreiningsefni og málsatvik

Stefnendur, feðgarnir Ómar Antonsson og Ómar Ingi Ómarsson, búa á jörðinni Horni, sem er um 12 km austur af Höfn á Hornafirði. Er Ómar Antonsson eigandi jarðarinnar og býr á þeim hluta hennar sem nefnist Horn III en sonur hans, Ómar Ingi, byggir þann hluta sem nefnist Horn I og heldur hann í dag að mestu utan um rekstur á hrossaræktarbúi þeirra feðga sem þar er rekið, en hann hefur m.a. lokið tamninga- og reiðkennsluprófi frá Háskólanum á Hólum. Stefnendur hafa stundað hrossarækt á Horni um árabil og eru þar að jafnaði með um 70 hross í ræktun og tamningu. Á Horni er góð aðstaða til tamninga og þjálfunar, nýlegt hesthús, reiðskáli og útreiðaleiðir. Stefnendur hafa tekið þátt í fjölda kynbótasýninga hrossa með góðum árangri, en öll ræktunarhross á Horni teljast að sögn stefnenda fyrsta flokks kynbótahross. Á Horni er einnig annar fjölbreyttur rekstur í eigu stefnenda, er m.a. tekur til ferðaþjónustu og jarðefnavinnslu. Jörðin Horn er alls um 4000–5000 ha. að stærð og er þar því mikið beitarnland fyrir hrossin. Í áratugi hafa stefnendur haldið hrossunum frjálsum úti í haga á haustin og fram í miðjan desember þegar hrossin eru jafnan tekin heim að bæ á gjöf.

Með leigusamningum, dags. 5. september 1953 og 24. apríl 1954, tók stefndi, íslenska ríkið, þ.e. utanríkisráðherra f.h. utanríkisráðuneytisins, á leigu visst afmarkað landsvæði úr jörðinni Horni, sem er svokallað Stokksnes og nágrenni hennar. Hefur þetta tiltekna leigusvæði síðan verið nýtt sem athafnasvæði í þágu varnarmála í tengslum við veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu (NATO), sem skilgreint öryggissvæði, m.a. vegna starfrækslu ratsjár- og fjarskiptastöðvar þar. Lengst af var starfsemi á Stokksnesi á vegum bandaríska varnarliðsins, en á árinu 1987 tók Ratsjárstofnun við þessu hlutverki, þá síðar Varnarmálastofnun frá 2008, en þegar hún var lögð niður 1. janúar 2011 tók stefndi Landhelgisgæslan (LHG) við umsjón með leigusvæðinu, en upp frá því hefur LHG greitt landeigandanum Ómari leigu fyrir afnot af leigusvæðinu.

Fyrir liggur að umræddir leigusamningar um Stokksnes teljast óuppsegjanlegir af hendi leigusala en leigutaki getur sagt hvorum samningi um sig upp einhliða með sex mánaða fyrirvara m.v. 1. september ár hvert. Hið leigða svæði er tilgreint og afmarkað í upphaflegum leigusamningi frá 1953 og er miðað við að það sé 131,7 ha. Er þar að finna ákvæði er heimilar leigutaka hvers lags not á hinu leigða landsvæði og má hann heimila öðrum aðila not þess. Er leigusölum heimil frjáls umferð fram í Stokksnesvita og yfir á Austurfjörur, auk þess sem þeir halda fjörubeit fyrir sauðfé sitt og rekarétti á hinu leigða landsvæði. Samkvæmt viðbótarsamningnum 1954 skal leigutaki girða hið leigða svæði góðri girðingu. Síðar gerðu aðilar svo samninga er ekki hafa hér þýðingu.

Stefndi LHG hefur í dag á grunni þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið, sbr. 7. gr. a varnarmálalaga nr. 34/2008, og í umboði þess, heimild til þess að fara með hagsmuni stefnda íslenska ríkisins á hinu leigða landsvæði á Stokksnesi og nágrenni. Umrætt landsvæði telst jafnframt vera öryggissvæði, sbr. II. kafla varnarmálalaga, og

er ætlað til varnarþarfa. Ratsjárstöðin þar telst vera hluti af íslenska loftvarnakerfinu og telst eitt veigamesta framlag Íslands til sameiginlegra varna aðildarríkja NATO.

Um nokkurn tíma hefur það legið fyrir að a.m.k. hluti hins leigða athafnasvæðis á Stokksnesi hafi orðið útsettur fyrir umtalsverðri mengun og umhverfisspjöllum og þá einkum olíumengun í jarðvegi frá því bandaríska varnarliðið var þar með umsvif, m.a. olíumengun frá þremur neðanjarðargeymum þar er notaðir hafi verið af varnarliði bandaríska hersins. Hafi utanríkisráðuneytið og LHG því, m.a. að virtum hagsmunum landeiganda, lagt í vinnu til að endurbæta leigusvæðið og koma því í upphaflegt horf. Hefur mótast sú afstaða hjá LHG að huga beri að úrræðum til að framkvæma hreinsun á hinu leigða svæði við Stokksnes og nágrenni svo unnt sé að draga úr umfangi þess m.t.t. núverandi þarfa. Reis ágreiningur landeiganda og stefnda LHG þá stefndi LHG hugðist segja leigusamningi aðila einhliða upp að hluta frá 1. september 2016 og fara um leið fram á hlutfallslega lækkun leigu er af því leiddi. Stefnandi Ómar Antonsson höfðaði þá mál gegn stefnda LHG, 25. janúar 2017, til heimtu á vangoldinni leigu fyrir afnot af hinu leigða, sbr. dóm Landsréttar frá 24. maí 2019 í máli nr. 659/2018.

Stefndi LHG er fyrr segir að því að skila hluta landsvæðisins aftur til landeiganda og hafi því verið stefnt að því að hreinsa jarðveg þar af mengun eins og mögulegt væri og skila svo hluta svæðisins síðan til landeiganda á ný. Í ljósi þessa var stefndi Verkís hf. fenginn til að vinna að skýrslu fyrir LHG, dags. 26. febrúar 2018, um jarðvegsrannsókn á Stokksnesi. Skýrslan leiddi í ljós að umhverfisspjöll hafi fylgt starfseminni þar forðum og megi helst nefna olíumengun frá eldsneytistönkum er grafnir voru þar í jörð. Var Verkís á grunni sérfræðipækkingar á mengunarrannsóknnum og aðstæðum á svæðinu falið að framkvæma áframhaldandi rannsókn á olíumengun á ratsjársvæðinu á Stokksnesi og hvernig best yrði staðið að því að hreinsa jarðveginn af þeirri olíumengun er enn væri til staðar, sbr. ráðgjafarsamning frá 8. maí 2020 sem LHG gerði við Verkís um hreinsun jarðolíumengunar á Stokksnesi. En heildarmarkmið hans var að kanna útbreiðslu og styrk olíumengunar á svæðinu, ákvarða hvers konar eldsneytisolúu væri um að ræða og þá í framhaldi hvers konar hreinsunaraðferð væri viðeigandi út frá efnafræðilegum eiginleikum mengunarinnar. Þá væri hlutverk stefnda Verkís að fylgjast með árangri hreinsunar og meta hvenær hún væri fullnægjandi, þ.e. hvenær viðeigandi viðmiðunargildum fyrir olíumengun væri náð.

Geta ber að hreinsunaráformin voru kynnt fyrir Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) og Umhverfisstofnun (UST) og samráð þannig viðhaft við þær stofnanir. Einnig sendi stefndi LHG bréf til stefnanda, Ómars Antonssonar, dags. 3. júní 2020, og upplýsti hann þá um ráðgjafarsamninginn frá 8. maí 2020 við Verkís, en með fylgdi samningurinn auk verk- og kostnaðaráætlunar. En í gr. 6.8 samningsins er m.a. ákvæði um ábyrgð og tryggingar þar sem m.a. kemur fram að seljandi, þ.e. hér stefndi Verkís,

beri ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þ.m.t. verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og tjóni er kaupandi eða þriðji aðili kynni að verða fyrir við framkvæmdina.

Samkvæmt meðfylgjandi verkáætlun með samstarfssamningnum frá 8. maí 2020 stóð til að framkvæmdin af hálfu stefnda Verkís yrði með þeim hætti að starfsmenn Verkís færu í tvær vettvangsferðir á svæðið til uppsetningar á forkönnun sem fól í sér tilraun á mögulegum hreinsunaraðferðum og sýnatökum, þ.e. í maí og ágúst 2020, og svo áfram með vettvangsferð 2021 þar sem til stóð að framkvæma hreinsun á hinum mengaða jarðvegi m.t.t. niðurstaðna forkönnunar og síðan yrði frekara reglubundið eftirlit. Um var að ræða rannsókn og hreinsun á olíumengun frá þremur neðanjarðar-tönkum er notaðir voru af varnarliðinu til geymslu á eldsneyti og staðsettir voru nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Tankarnir voru fjarlægðir 1996 en mengunin þar hefur verið rakin til yfirflæðis á eldsneytisólú þegar áfylling var framkvæmd. Fór svo að fyrri ferð Verkís var farin í maí en sú síðari í september 2020 en ekkert var svo hafst að eftir það. Í fyrri ferðinni, í maí 2020, var umrædd forkönnun sett á laggirnar með því að útbúnir voru þrjár 1 m³ tilraunahaugar með olíumenguðum jarðvegi á Stokksnesi, en í einn þeirra var engu blandað, í annan hauginn var blandað 1 kg af áburðinum Græði-6 og í þann þriðja 1 kg af Græði-6 og 1 kg af kalki. Í síðari ferðinni voru svo framkvæmdar sýnatök úr haugunum til að rannsaka árangur. Þá tilraunahaugarnir þrjár voru settir upp var ákveðið að velja þeim stað á gömlum steiptum sökkli á leigusvæðinu um 50 metra frá mengaða svæðinu þar sem olíutankarnir höfðu verið, en bæði olíumengaða svæðið og sökkullinn eru utan við innstu öryggisgirðingu við ratsjárstöðina, en eru þó inni á hinu afgirta leigulandi stefnda LHG. Var þá ákveðið að tjalda jarðvegsdúk yfir tilraunahaugana, festa með torfi og grjóti, auk þess sem gamalt hey úr annarri af tveimur heyrúllum er aflað hafði verið frá annarri jörð í héraðinu, Seljavöllum, var notað til þéttingar meðfram dúknum til að hindra aðkomu vatns til og frá haugunum, en það hey virðist að mestu hafa fokið til þar út um allt þá að var komið í september, en heyrúllurnar, þar af a.m.k. önnur opin, voru látnar standa áfram rétt hjá haugunum. Í framhaldi af uppsetningu tilraunarinnar sáu starfsmenn LHG sem starfa á svæðinu um að róta í haugunum á um þriggja vikna fresti til að auka súrefnisflæði um þá. Þá ber að geta að vatnspollur virðist eiga til að myndast á hluta hins steipta sökkuls er hefur um 20 cm háa kanta. Hvað varðar tilraunina, er sneri að mögulegum úrræðum við olíumengun, þá liggur fyrir skýrsla Verkís, 12. apríl 2021.

Af hálfu stefnda Verkís er áréttað að við sýnatökur í seinni vettvangsferð Verkís, í september 2020, hafi komið í ljós að styrkur olíumengunar í jarðveginum með áburðinum í heynu hafði minnkað verulega og þá verið kominn niður fyrir viðeigandi hámarksgildi sem kveðið sé á um í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. En sé niðurstöðukafla eldri rannsóknarskýrslu Verkís frá 2017–2018 skoðaður sjáist að engir af þeim þungmálum eða PCB er efnagreindir hafi verið nái eða fari umfram

hámarksgildi er kveðið sé á um fyrir atvinnusvæði samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Ekki sé því um að ræða ólögmetna mengun yfir viðmiðunargildum reglugerðarinnar. Hafi því eingöngu verið olúefni sem greinst hafi yfir hámarksgildum og höfðu minnkað verulega í september við seinni vettvangsferð. Tilraunin hafi því borið góðan árangur. Rannsókn Verkís hafi eingöngu snúist um olúmengun á svæðinu og því eingöngu verið efnagreint fyrir efnum er tengjast slíkri mengun. Þannig hafi ekki verið greind öll möguleg efni sem finnist í umhverfinu og ál hafi t.d. ekki verið eitt þeirra efna sem þurft hafi að efnagreina í tengslum við olúmengunina. Að hár styrkur áls hafi síðar greinst í hrossum stefnanda, sem vikið verður að, sé þessu óviðkomandi, en stefndi Verkís hafi enga ástæðu haft til að mæla styrk þess í heyinu, jarðveginum eða á svæðinu í kring. Samkvæmt innihaldslýsingu á áburði þeim er blandaður hafi verið í heyið (Græðir-6) séu ál og járn ekki í honum. Stefnendur leggja hér hins vegar áherslu á það að umrædd rannsókn Verkís staðfesti að á þeim svæðum þar sem áður hafði fundist mengun eftir eftirlitsferð um hið leigða landsvæði 1994 sé enn mengun til staðar. Þá hafi eitt sýni greint háan styrk arsens og síns. Fjöldi jarðvegrannsókna hafi verið gerður á hinu leigða landsvæði sem sýni m.a. fram á að PCB-mengun berist út í náttúruna nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi.

Framangreind lýsing á umræddum jarðvegrannsóknum og tilraunum á vegum stefndu LHG og Verkís á hinu leigða landi við Stokksnes á jörðinni Horni tengist máli þessu sérstaklega í ljósi þess að þann 19. nóvember 2020 kveðst stefnandi Ómar Ingi Ómarsson fyrst hafa tekið eftir því að hryssan Nál, sem ber grunnskráningarmarkið IS2008277272, var orðin veik. Hafði Ómar Ingi þá strax samband við Janine Arens dýralækni og mat hún ástand hryssunnar samstundis. Í ljós kom að Nál var alvarlega veik af hrossasótt, svitnaði, sló afturfótum undir kviðinn og velti sér.

Þann 4. desember 2020 kvaðst stefnandi Ómar Ingi síðan hafa tekið eftir því að hrossin Nál, Víóla, Þór, Snædís og hryssan NN voru komin inn fyrir girðinguna við ratsjárstöðina á Stokksnesi. Hrossin höfðu, að hann taldi, ekki komist þangað áður þar sem hið leigða landsvæði til LHG hafi um árabíl verið girt búfjárgirðingu með vegrist til að hindra för búfjár inn á landið. Þegar stefnandi Ómar Ingi ók eftir Stokksnesvegi í átt að ratsjárstöðinni kvaðst hann hafa séð að girðingin væri ekki gripheld lengur og vegrist full af sandi og grjóti. Hrossin gátu komist inn og út af landinu án vandræða á nokkrum stöðum. En stefndi íslenska ríkið sé með landsvæðið á leigu sem fyrr segir.

Þegar stefnandi Ómar Ingi fór þá inn á hið leigða landsvæði, 4. desember 2020, kveðst hann hafa séð þar tvo sandhauga og opna heyrúllu á steinsteyptum sökklum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi þar sem áður voru olútankar og byggingar á vegum varnarliðs Bandaríkjanna. Um hafi verið að ræða úrgangshey og tvo olúhauga sem stefndi hafði skilið eftir opna á steinsteyptum sökklum fyrir opnu landi. Hrossaskítur og leifar af úrgangsheyi hafi verið allt um kring á svæðinu. Stutt frá haugunum hafi

verið mengað vatn er runnið hafði úr haugunum og úrgangsheyinu. Stefnanda Ómari Inga hafi þá orðið ljóst að hrossin hefðu étið eitrað heyið og drukkið mengað vatnið.

Stefnandi Ómar Ingi hafi þá þegar flutt hrossin í örugga girðingu og stefnandi Ómar haft samband við Sigurjón Björnsson, starfsmann stefnda LHG á Stokksnesi, og þá krafist þess að stofnunin fjarlægði heyrúlluna og lokaði svæðinu. Stefndi LHG hafi ekki brugðist við og Ómar Ingi því hringt í framkvæmdastjóra stefnda Verkís og krafist þess að stefndi fjarlægði eitrað heyið án tafar. Hvorugur stefndu hafi þá orðið við kröfum um að fjarlægja heyið og girða af svæðið. Ómar Ingi hafi þá aftur haft samband við framkvæmdastjóra Verkís, þriðjudaginn 8. desember 2020, og upplýst hann um alvarleika málsins. Nokkru síðar hafi starfsmenn LHG á Stokksnesi fjarlægt heyrúlluna en hluti af úrgangsheyinu verið skilinn þar eftir á steinsteyptri plötunni.

Þann 16. desember 2020 hafi svo hryssan Snædís, er ber grunnskráningarkerkið IS2011277270, veikst. Stefnandi Ómar Ingi hafi þá óskað eftir aðstoð dýralæknis. Við skoðun hafi komið í ljós að Snædís væri alvarlega veik og henni gefin verkjastillandi lyf og sýklalyf í æð, auk fæðubótaefna. Blóðsýni úr Snædís var tekið sama dag og sent í rannsókn til Laboklin í Þýskalandi. Þegar Snædís veiktist var hún fylfull með sjö mánaða gamalt fóstur og með folald, sem ber einstaklingsmerkið IS2020177275.

Þann 21. desember 2020 hafi stefnandi þurft að óska eftir aðstoð dýralæknis í þriðja sinn vegna hrossa er voru veik af hrossasótt. Nú vegna hestsins Þórs, er ber einstaklingsmerki IS2016177173 og hryssunnar Víólu, með einstaklingsmerki IS2014277271. Er dýralæknir kom til að skoða Þór hafi hann legið á gólfi í hesthúsi, órólegur og krefsandi með framfótunum í gólfið og sýnt hrossasóttareinkenni, hafi staðið nokkrum sinnum upp en lagst niður aftur. Víóla hafi sýnt einkenni hrossasóttar við skoðun og svitnað. Hún hafi reynt að leggjast nokkrum sinnum niður við skoðun vegna verkja í kvið, hóstað er hún reyndi að kyngja og átt erfitt að koma niður heyi.

Sama dag fann stefnandi Ómar Ingi hryssuna NN, er bar grunnskráningarkerkið IS2018277273, dauða úti í haga. Hryssan lá þá á hægri hlið og ljóst að hún hafi nýlega dáíð. Í jarðvegi hafi sést greinileg merki um það að hún hefði kvalist mikið. Foreldrar hennar voru Trausti frá Þóroddsstöðum, er væri hæst dæmdu fjögurra vetra stóðhestur á Íslandi á árinu 2015 með aðaleinkunn 8,44, og Ásgerður frá Horni I, en hún verið í verðlaunasæti í flokki fimm vetra hryssa á Landsmóti 2015. Hryssan NN hlaut 120 stig í kynbótamati og áætla stefnendur að verðmæti hennar sé um 5–6 milljónir króna.

Vísa stefndu íslenska ríkið og LHG hér um til skýrslu Ómars Inga hjá lögreglu, 21. desember 2020, þar sem hann hafi haldið því fram að hross hjá honum hefðu komist í opnar heyrúllur sem fluttar hafi verið á athafnasvæði LHG á Stokksnesi og ætlaðar til að hreinsa olíumengun úr jarðvegi. Hafi Ómar Ingi tekið fram að athafnasvæðið væri girt af en að girðingar og ristarhlið væru í ólagi þannig að hross kæmust óhindrað inn á svæðið. Ómar Ingi hafi talið liggja fyrir að þetta væri eina heyið sem

hrossin hefðu komist í þar sem hann hafi ekki verið með þau á gjöf. Fulltrúi lögreglu hafi komið á vettvang 23. desember 2020 og Ómar þá tekið fram að hrossin hefðu ekki verið í ákveðnu hólfi heldur laus inni á hans landi, að þau væru nýlega farin að fara inn á svæðið en hefðu ekki gert það síðastliðin 15–20 ár. Taldi hann að hrossin kæmust inn á svæðið á fjórum stöðum: 1) neðst í fjörunni austan megin; 2) inn um hliðið á veginum ef það væri opið og yfir pípuhlið sem væri fullt af sandi og grjóti; 3) yfir rafmagnsgirðingu sem væri rétt vestan megin við pípuhliðið; 4) við þann hluta girðingarinnar sem væri vestast og sem hann hefði reynt að laga eins og hann gat.

Stefndu íslenska ríkið og LHG leggja hér áherslu á að hið leigða svæði sé ekki það sama í leigusamningunum frá 1953 og 1954, auk þess sem réttindi og skyldur aðila séu þar ekki að öllu leyti sömu. Þá vísa þeir til þess að stefnandi Ómar Antonsson hafi sem landeigandi og leigusali haft hagsmuna að gæta af því að aðgengi að hinu leigða svæði væri gott þar sem hann hafi komið upp gjaldskylduhliði inn á svæðið og hafi tekjur af ferðamönnum sem sækja svæðið, en um sé að ræða vinsælan áfangastað ferðamanna. Ekkert samráð hafi verið haft við leigutaka, LHG, um gjaldtökuhliðið eða starfsemina sem hafi að markmiði að beina umtalsverðum fjölda ferðamanna inn á öryggis- og varnarsvæðið. Stefndu telji að virða beri hér framangreint í þessu ljósi, þ.á m. um það að íslenska ríkið beri ábyrgð á girðingunni sem umlyki hið leigða svæði og beri því að annast viðhald á henni og pípuhliðinu. Telji stefndu að ekki verði séð að slík ábyrgð leiði af samningum aðila eða af öðrum lagagrundvelli enda þótt kveðið sé á um það í leigusamningi frá 1954 að leigutaki muni girða þær tvær afmörkuðu aukaspildur, er sá samningur taki til, góðri girðingu. En í fyrrgreindu Landsréttarmáli, sem höfðað hafi verið með stefnu, 25. janúar 2017, hafi stefnandi Ómar Antonsson m.a. byggt á því að ástand þess lands sem LHG vildi skila væri þannig að skil gætu ekki farið fram þar sem það væri mengað af olíu, PCB-efnum og öðrum þrávirkum lífrænum efnum og ruslahaugar á stóru svæði sem rekja mætti til starfsemi þeirra sem hefðu séð um rekstur ratsjárstöðvarinnar undanfarna áratugi. Hafi LHG þá m.a. byggt á því að þar sem Ómar hefði sem landeigandi freistað þess að hagnýta sér hið leigða land, s.s. með því að taka gjald af þeim sem legðu leið sína að því, hefði LHG verið heimilt að skila hinu leigða landi til landeiganda að hluta. Af þessu megi því ráða, að mati stefndu, að stefnendur hafi lengi verið meðvitaðir um mengun á leigusvæðinu.

Þá telja stefndu íslenska ríkið og LHG rétt að áréttta að í skýrslu Janine Arens dýralæknis, dags. 12. janúar 2021, komi fram að dagana 29. og 30. nóvember 2020 og 1., 3. og 4. desember 2020 hafi eigendur hrossanna orðið þess varir í birtingu að stóðið hafi verið komið í heyið á Stokksnesi og brugðist við og komið því á annað svæði, þ.e. við Víkingaþorpið hjá Litla-Horni, þar sem því væri haldið á vetrarheit og fóðurgjöf. Stóðið hefði svo haldið sig á gjafasvæðinu síðan 4. desember 2020, en ekki væri útilokað að stóðið hefði komist í heyið á Stokksnesi fyrir 29. nóvember 2020.

Þá, að í skýrslu lögreglu frá 23. desember 2020 hafi Ómar Ingi ekki kvaðst hafa vitað að tilraunin til að hreinsa upp olúmengun hafi verið í gangi en að heyrúllurnar hefðu verið þar síðan um sumarið og að enginn á svæðinu hafi látið láti sig vita um að hrossin væru þarna. Ekki hafi verið orðið við kröfum um að heyið yrði fjarlæggt og svæðið girt af fyrr en nokkru eftir að Ómar Ingi hafi, 8. desember 2020, upplýst framkvæmdastjóra Verkís um alvarleika málsins og hafi starfsmenn LHG þá fjarlæggt heyrúllu en skilið eftir hluta af úrgangsheyi þar á steinsteyptri plötu. Stefndu veki hér athygli á því að umræddan dag, 8. desember 2020, hafi verið liðnir fjórir dagar frá því að Ómar Ingi hafi fyrst kvaðst hafa orðið þess var að hrossin væru komin inn fyrir girðinguna.

Í téðri skýrslu Janine Arens dýralæknis, dags 12. janúar 2021, staðfestir hún að hafa að beiðni eiganda hrossanna komið í vitjanir að Horni I þar umrædda daga vegna einkenna hrossasóttar hjá hrossunum Nál, Snædís, Þór og Víólu. Virðist þar mat dýralæknisins að hrossin hefðu komist í gamalt og mengað hey og mengað vatn á svæðinu við Stokksnes og talið að það hefði framkallað alvarleg veikindi, sem þurft hafi að meðhöndla vegna mikilla verkja og lífshættulegs ástands hrossanna. Í skýrslu sama dýralæknis, 15. febrúar 2021, staðfestir hún að hafa 21. desember 2020 skoðað dautt hross, hryssuna NN, og talið að hún hefði komist í mengað hey og vatn á sama svæði.

Samkvæmt greiningu Matís, sem framkvæmd var á milli hátíða að beiðni MAST, fannst sláandi hátt gildi áls í blóði veiku hrossanna er voru með hrossasóttareinkennum. Samkvæmt skýrslu MAST sé ál alla jafna ekki að finna í blóði dýra. Áleitrun sé algengasta eitrun þungmálma í hrossum á heimsvísu en hafi aldrei áður verið greind í hrossum á Íslandi. Þann 21. janúar 2021 staðfesti rannsókn Laboklin í Þýskalandi á blóði úr hryssunni Snædís að hún væri með mótefni fyrir listeríu (*Listeria monocytogenes*) sem bendir að mati stefnanda til þess að hryssan hafi komist í úrgangsheyið og olúmengaðan jarðveg með áburðarblöndu nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Ekki sé þá að fullu útséð með langtímaáhrif eitrunarinnar né áhrif hennar á fósturþroska hjá þeim hryssum sem veiktust og hafi verið fylfullar í lok árs 2020. Ekki sé þá ljóst hvaða áhrif mengunin hafi á hollustuhætti afurða hrossa er veiktust og lömuðust tímabundið. Ljóst sé að mikil inntaka á járn geti ógnað heilsu folalda og því þurfi að fylgjast með heilsu þeirra. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Matís á umhverfis- og heysýnum, auk blóðsýna úr hrossunum á Horni, hafi komið fram áberandi há gildi fyrir ál og járn í bæði umhverfissýnum og sýnum úr heyinu sem hrossin hafi komist í. Öll gildin verið hátt yfir því sem mælst hafi áður á Íslandi, sem og erlendum viðmiðunargildum.

Í skýrslu Matvælastofnunar (MAST), er virðist frá 5. janúar 2021, kemur fram að stofnuninni hafi borist tilkynning um veikindi hrossanna þann 21. desember 2020 og ákveðið að umhverfis- og heysýni auk blóðsýna úr þremur hrossum færu í greiningu. Var niðurstaða þeirra greininga ekki talin benda til blýeitrunar í hrossunum en hins vegar leitt í ljós áberandi há gildi fyrir ál og járn bæði í umhverfissýnum og sýnum úr

heyri er hrossin hefðu komist í. Þessi háu gildi áls voru talin endurspeglast í afar háum gildum áls í blóði hrossanna sem voru með hrossasóttareinkenni og tekið fram að alla jafna væri ál ekki að finna í blóði dýra. Há gildi járns hafi hins vegar ekki komið fram í blóði hrossanna enda sé alþekkt að uppsog á járnfrá meltingarvegi væri lágt hjá fullorðnum hrossum, auk þess sem ekki var talið að niðurstöðurnar styddu aðra mismunagreiningu, s.s. listeríusýkingu. Að mati MAST kæmu einkenni sem greindust hjá hrossunum að miklu leyti heim og saman við einkenni áleitrunar og talið að þau hefðu orðið fyrir bráðri eitrun við það að éta mengað hey á Stokksnesi. Vísist þar til athugasemda Sigríðar Björnsdóttur, dýralæknis MAST, frá 28. maí 2021, er talið hafi að veikindi hrossanna mætti tengja við það að þau hafi komist í heyið á Stokksnesi.

Stefndu íslenska ríkið og LHG létu þá afla skýrslu frá Guðjóni Atla Auðunssyni efnafræðingi, dags. 11. júlí 2021, þar sem lagt er út af niðurstöðum mælinga Matís, frá 28. desember 2020, er lágu til grundvallar skýrslu MAST, og skýrslu Janine Arens dýralæknis og þær rýndar. Er það m.a. niðurstaða Guðjóns að ál og járn í umhverfis-sýnum við Stokksnes gefi ekki til kynna að umhverfið hafi séð dýrunum fyrir álmengun og þ.a.l. eitrun af völdum þess og bent á að önnur efni en þau sem mæld voru kunni að hafa valdið eitruninni. Þá telji Guðjón Atli að til mats á niðurstöðum fyrir hrossin við Stokksnes þurfi að sýna hver bakgrunnsstyrkur áls væri í blóði íslenskra hrossa.

Stefnendur vísi þá til þess að samkvæmt verk- og kostnaðaráætlun stefnda Verkís hafi átt að fara tvær vettvangsferðir á Horn sumarið 2020, annars vegar í maí og hins vegar í ágúst. Stefnendur hafi því mátt vænta þess að öllum tilraunum stefndu til að eyða menguðum jarðvegi á Stokksnesi hefði verið hætt í kjölfar seinni vettvangsferðar stefndu. Hafi stefnendur því mátt vænta þess að stefndu tryggðu það að tilraunasvæðið væri öruggt og að búfánaði stafaði ekki hættu af aðstæðum. Þá hafi stefnendur mátt vænta þess að ekki yrði um frekari tilraunir stefndu með hreinsun jarðvegsins að ræða fyrr en í fyrsta lagi í maí 2021 þegar þriðja vettvangsferðin hafi verið áætluð. Það hafi því komið stefnendum í opna skjöldu að sjá að heyrúllan og olúhaugarnir væru enn á Stokksnesi um miðjan nóvember 2020 og að svæðið, þar sem tilraunirnar fóru fram um sumarið, væri ekki girt búfjárheldri girðingu og lokað fyrir umferð fólks og dýra.

Þess ber að geta að stefndi LHG lét síðan girða hið leigða landsvæði, þar sem tilraunir fóru m.a. fram sumarið 2020, búfjárheldri girðingu sumarið 2021. Vilja stefndu íslenska ríkið og LHG þá áréttu að eftir að upplýst var um möguleg veikindi hrossanna hafi starfsmenn LHG strax brugðist við tilkynningu frá stefnendum og fjarlægð í byrjun desember 2020 heyrúllu sem var á svæðinu og girt af athafnasvæðið er um ræðir. Sumarið 2021 hafi svo allar girðingar og aðgangshlið verið endurnýjað og endurbætt. Vandkvæðum sé þó bundið að girða svæðið með fyllilega gripheldum girðingum, m.a. vegna sands, veðuráðstæðna og vegna þess að landið liggur að sjó.

Stefnandi, Ómar Antonsson, sendi stefnda LHG bréf, dags. 23. janúar 2021, þar sem krafist er þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda vegna þess tjóns sem felist í dauða eins hross og veikinda fjögurra hrossa af völdum úrgangsheys í eigu stefnda. Með bréfinu fylgdu skýrslur MAST og Janine Arens. Um miðjan mars 2021 tilkynnti LHG stefnendum að málinu hefði verið vísað til ríkislögmans. Í tölvupósti ríkislögmans, 12. október 2021, var stefnandi svo upplýstur um að verið væri að bíða umsagnar í málinu, en þær bárust ekki fyrr en eftir höfðun málsins. Hvorki LHG né ríkislögmaður hafi orðið við kröfunni og því séu stefnendur neyddir til að höfða málið.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Mál þetta sé höfðað til viðurkenningar á óskiptri bótaskyldu stefndu á því tjóni sem stefnendur hafi orðið fyrir er fimm hross í eigu stefnenda hafi étið úrgangshey, sem stefndu hafi komið fyrir á steinsteyptum sökklum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi, í landi jarðarinnar Horns, sem leitt hafi til þess að hryssan NN hafi drepist og hrossin Nál, Snædís, Víóla og Þór hafi veikst alvarlega og tvö lamast tímabundið.

Stefnendur byggja málshöfðun á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og telji sig eiga lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um skaðabótaskyldu stefndu þar sem ljóst sé að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni. Um sé að ræða dauða hryssu og veikindi og tímabundna lömum hjá fjórum hrossum í eigu stefnenda. Hafi dauði hryssunnar NN og veikindi og tímabundin lömum fjögurra hrossa valdið stefnendum umtalsverðu fjárhagslegu tjóni. Telji stefnendur ljóst að bein orsakatengsl séu milli þess að hrossin komust í úrgangshey og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu og tjóns þeirra.

Stefnendur telji stefndu hafa sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi með því að skilja eftir úrgangshey og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á steinsteyptum sökklum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi, í landi jarðarinnar Horns, er leitt hafi til tjóns fyrir stefnendur, sem felist í dauða hryssunnar NN, og í hrossasótt hrossanna Nál, Snædísar, Víólu og Þórs og þar af vöðvalömun (klums) hjá Snædís og Víólu.

Þá telji stefnendur að frágangur stefndu á landinu er nýtt hafi verið til forkönnunar á mögulegum hreinsunaraðferðum á olíumenguðum jarðvegi hafi verið óforsvaranlegur og stefndu sýnt gáleysi þá þeir skildu eftir úrgangshey og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á opnu svæði nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi í landi Horns.

Stefndu hafi vanrækt skyldu sína til að tryggja öryggi tilraunasvæðisins með því að girða svæðið gripheldri girðingu og koma þannig í veg fyrir að hrossin á Horni kæmust inn á svæðið. Stefndu hafi mátt vera ljóst að hrossin myndu finna lykt af heyinu úr mikilli fjarlægð og reyna að komast í það. Stefndu hafi verið í lófa lagið og borið að girða tilraunasvæðið gripheldri girðingu og tryggja að ekkert tjón hlytist af tilraunum á mögulegum hreinsunaraðferðum. Aukinheldur hafi stefndu mátt vera ljóst að lífi og heilsu búfjár væri stefnt í voða með því að skilja eftir úrgangshey og

olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á opnu svæði. Háttsemi stefndu varði við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum 1. gr. og 6. mgr. 16. gr. laganna, og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þá einkum a-lið 1. gr. laganna.

Stefnendur hafi mátt gera þá kröfu til stefndu að gæta fyllsta öryggis og varúðar við forkönnun á mögulegum hreinsunaraðferðum svo engin hættu skapaðist af verkefninu. Stefndi Verkís búi yfir sérfræðipokkingu á hreinsun á olíumengun og hefði því átt að gera sér grein fyrir hættu sem skapast myndi fyrir búfénað með því að skilja eftir úrgangshættu og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á opnu svæði. Stefndu hafi getað skapað forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum á svæðinu með gerð áhættumats í tengslum við verkefnið en markmið þess sé að kortleggja áhættuþætti í hverju verkefni fyrir sig. Það hafi ekki verið gert. Með gerð áhættumats hefðu stefndu getað gert öryggisráðstafanir á svæðinu til að tryggja öryggi og velferð búfjár og komið í veg fyrir dauða hryssunnar NN og veikindi fjögurra hrossa stefnenda.

Sú háttsemi stefndu að skilja eftir úrgangshættu og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á steinsteyptum sökklum á opnu svæði nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi brjóti í bága við lög nr. 55/2013 um velferð dýra, einkum 1. gr. og g-lið 15. gr.

Stefndu hafi um árábil vitað að stefnendur starfræku hrossaræktarbú á Horni og að hross séu höfð í haga. Stefndu hafi því mátt gera sér grein fyrir áhættu er fylgt hafi því fyrir líf og heilsu hrossa á Horni að skilja eftir úrgangshættu og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu á opnu svæði og án þess að girða það búfjórheldri girðingu.

Óumdeilt sé að stefndi íslenska ríkið, leigutaki í leigusamningi um Stokksnes og næsta nágrenni, og stefndi LHG, er fari með hagsmuni íslenska ríkisins af hinu leigða landsvæði, beri ábyrgð á girðingunni er umlyki hið leigða landsvæði og beri því að annast viðhald á henni og pípuhliði. Stefnendur hafi mátt vænta að stefndu tryggðu að girðingin væri gripheld og vel við haldið. Þar sem girðingin hafi verið grafin niður í sand og pípuhliðið verið fullt af grjóti og sandi hafi þessir hér framangreindu stefndu með vanrækslu sinni brugðist skyldum sínum sem leitt hafi til tjóns fyrir stefnendur.

Þá telji stefnendur að stefndu hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með því að láta hjá líða að upplýsa stefnendur um að úrgangshættu, sem ótvírætt hafi haft í för með sér stórkostlega hættu fyrir hrossin á Horni, hefði verið skilið eftir á opnu svæði þegar síðari vettvangsferðinni hafi lokið í ágúst 2020. Stefndu hafi borið ábyrgð á því að fyllsta öryggis væri gætt við tilraunirnar þannig að heilsu og lífi hrossanna væri ekki stefnt í hættu. Tilraunirnar hafi farið fram á landi sem stefndi íslenska ríkið sé með á leigu og stefndi LHG hafi umráð yfir. Hafi stefndu verið í lófa lagið að girða tilraunarsvæðið af með búfjórheldri girðingu og koma þannig í veg fyrir að tjón hlytist af úrgangshættu og olíumenguðum jarðveginum.

Stefnendur telja sig ekki hafa getað gert neinar ráðstafanir til að koma í veg fyrir dauða hryssunnar NN og veikindi hrossanna. Stefnendur hafi með engu móti getað

gert sér grein fyrir því að stefndu myndu skilja úrgangsheyið og olíumengaðan jarðvegin eftir á opnu landi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir. Stefnendur hafi mátt trúa því að stefndu myndu hætta öllum tilraunum til hreinsunar á olíumenguðum jarðvegi í lok seinni vettvangsferðar sem farin hafi verið í ágúst 2020, sbr. verk- og kostnaðaráætlun stefnda Verkís. Jafnframt telji stefnendur að stefndu hafi verið í lófa lagið að gera tilraunir með hreinsun á olíumenguðum jarðvegi innan öryggissvæðisins á Stokksnesi en öryggissvæðið sé lokað allri almennri umferð. Öryggissvæðið sé girt mann- og gripheldri girðingu og sé um 200 metrum frá svæðinu þar sem stefndu hafi gert tilraunirnar í maí og ágúst 2020. Stefnendur telji óskiljanlegt að stefndu hafi ekki valið að gera tilraunir á hreinsun á olíumenguðum jarðvegi innan öryggissvæðisins og þannig komið í veg fyrir að hrossin kæmust í úrgangshey og olíumengaðan jarðveg.

Dauða hryssunnar NN og veikindi fjögurra annarra hrossa á Horni í nóvember og desember 2020 megi rekja til ál- og járnmenngunar í úrgangsheyi og olíumenguðum jarðvegi á steinsteyptum sökklum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi, sbr. skýrslu MAST, skýrslu Janine Arens og vottorð hennar um skoðun á hryssunni NN. Rannsóknir Matís og Janine Arens staðfesti að úrgangshey sem hrossin hafi komist í hafi valdið dauða hryssunnar NN og bráðri áleitrun fjögurra hrossa í eigu stefnenda.

Stefnendur telji því að stefndu beri ábyrgð á dauða hryssunnar NN og á veikindum hrossanna Nálar, Snædísar, Víólu og Þórs. Hryssan NN hafi verið í sama hestastóði og hrossin sem komist hafi í úrgangshey, olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu og mengað vatn á steinsteyptum sökklum nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Ljóst sé að hryssan hafi kvalist mikið áður en hún drapst. Í jarðvegi þar sem hún hafi fundist dauð hafi sést greinileg för eftir fram- og afturfætur hennar þar sem hún hafi legið á hægri hlið, en vinstri afturfótur dreginn upp að kvið eins og gerist við krampa eða þá hross slái afturfótunum undir kvið vegna mikilla verkja, líkt og við hrossasótt. Teljist ljóst að hryssan NN hafi drepist við það að éta úrgangshey og olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi í landi Horns.

Stefnendur áætli að útlagður kostnaður vegna veikinda Nálar, Snædísar, Víólu og Þórs sé um 2 milljónir króna. Um miðjan desember 2020 hafi dýralæknir tekið blóðprufu úr hrossunum og stefnendur lagt mikla vinnu í að tryggja heilsu hrossanna á næstu mánuðum, m.a. með fódurbæti og steinefna- og vítamíngjöf, að ráðgjöf Janine Arens dýralæknis. Stefnendur hafi gefið hrossunum fódurbæti, steinefni og vítamín á hverjum degi fram í lok apríl 2021. Hrossin hafi verið mun lengur að fyljast en venja sé og frjósemin léleg. Hryssurnar hafi verið lengi að festa fang vegna veikindanna.

Stefnendur áætla að verðmæti hryssunnar NN sé um 6 milljónir króna. Foreldrar hennar hafi verið Trausti frá Þóroddsstöðum, hæst dæmdi fjögurra vetra stóðhestur á Íslandi 2015, með aðaleinkunn 8,44, og Ásgerður frá Horni, en hún var í verðlaunasæti í flokki fimm vetra hryssa á Landsmóti 2015. NN hafi fengið 120 stig í kynbótamati.

Skýrslur MAST og Janine Arens séu afdráttarlausar um að orsakatengsl séu milli tjóns stefnenda og úrgangsheys í eigu stefndu. Stefnendur hafi axlað sönnunarbyrði um að tjón þeirra stafi af því að hrossin komust í úrgangshey, olíumengaðan jarðveg með áburðarblöndu og mengað vatn nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi í landi Horns.

Aðild stefnda íslenska ríkisins byggi á leigusamningi frá 5. september 1953 og viðbótarsamningum. Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 125/2021 séu varnarmál á forræði utanríkisráðuneytisins, þ.m.t. skipulags- og mannvirkjamál, rekstur mannvirkja og eigna NATO á Íslandi, þ.m.t. íslenska ratsjár- og loftvarnakerfið (IADS).

Aðild stefnda LHG byggi á ákvörðunarvaldi hennar yfir þeim hagsmunum sem mál þetta varði, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991. LHG hafi gert ráðgjafarsamning við stefnda Verkís um þá hagsmuni sem leigusamningurinn um Stokksnes og nágrenni gildir um. Þá hafi LHG staðið stefnanda skil á leigugreiðslum frá 1. janúar 2011. Þá hafi LHG komið fram gagnvart stefnanda sem fyrirsvarsmáður leigutaka upp frá því.

Aðild stefnda Verkís hf. byggi á fyrrgreindum ráðgjafarsamningi hans við stefnda LHG en samkvæmt þeim samningi bar Verkís ábyrgð á rannsókn og hreinsun á olíumengun nærri ratsjárstöðinni á Stokksnesi á árinu 2020.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, einkum 1. gr. og g-lið 15. gr., lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og meginreglum skaðabótaréttar, einkum sakarreglu og reglu um húsbóndaábyrgð. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 130. gr. Um varnarþing vísist til 7. gr. leigusamnings stefnanda og stefnda og til 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu íslenska ríkisins og Landhelgisgæslu Íslands

Stefndu dragi þá ályktun að stefnendur telji ætlað tjón stafa öðru fremur af framkvæmd verkefnis er meðstefndi Verkís hf. hafi tekið að sér að vinna fyrir stefnda LHG á grunni ráðgjafarsamnings frá 8. maí 2020. Stefndu LHG og íslenska ríkið hafni málatilbúnaði stefnenda í heild og krefjist sýknu á þeim grundvelli að ætlað tjón verði ekki rakið til atvika sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á. Almenn skilyrði bótaskyldu séu ekki fyrir hendi en sönnunarbyrði um þau atriði hvíli venjulega á tjónþola, þ.e. um ætlað tjón, sök og orsakasamhengi. Sá sem höfði mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði þá að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 155/2013. Stefndu telji að þar sem stefnendur hafi ekki uppfyllt þennan áskilnað leiði það til frávísunar *ex officio* en annars til sýknu af dómkröfunni.

Stefndu fallist ekki á að ætlað tjón verði rakið til atvika er þeir beri skaðabótaábyrgð á. Ef ekki verði talið að um óhappatilvik hafi verið að ræða telji stefndu að frumorsök og aðalástæðu þess megi rekja til eigin sakar stefnenda. Á stefnendum hvíli

sönnunarbyrði um að aðrar ástæður en eigið aðgæsluleysi hafi stuðlað að ætluðu tjóni en þeir virðist ekki hafa gert neinar ráðstafanir til að hindra för hrossa sinna inn á leigusvæðið eða halda þeim í heimahögum eða innan eigin girðingar fyrr en þeim hafi loks verið gefið fóður 4. desember 2020 og hafi þau þá haldið sig á gjafasvæðinu, að því er fram komi í skýrslu dýralæknis. Af því megi einnig ráða að stefnendur hafi ekki gert það sem í þeirra valdi hafi staðið til að takmarka tjón sitt. Vitað hafi verið af menguninni í nær þrjá áratugi og stefnendur verið vel upplýstir um stöðu svæðisins og mengun sem þar sé að finna eftir brottför varnarliðsins, en a.m.k. annar stefnenda hafi m.a. sinnt hreinsunarstörfum í verktöku og urðað úrgang á svæðinu. Þá skuli bent á að í 6. gr. leigusamningsins frá 1953 séu réttindi leigusala, þ.e. Ómars Antonssonar, á landsvæðinu sem um ræðir tæmandi talin í samningnum. Varsla búfjár stefnanda og hvers lags búfjárbeit, að frátalinni fjörubeit sauðfjár, sé því óheimil á hinu leigða svæði og því ljóst að hvers konar varsla búfjár á svæðinu feli í sér samningsbrot af hálfu stefnandans Ómars. Rétt sé að geta þess að í samningnum um þetta tiltekna svæði sé ekki kveðið á um skyldu leigusala til að girða svæðið en svæðið hafi þó verið girt að hluta enda um að ræða aðgangsstýrt öryggissvæði á grunni laga nr. 34/2008.

Dómkrafan byggist á því að ætlað tjón megi rekja til framkvæmdar verkefnis sem LHG hafi falið meðstefnda Verkís hf. sem sérfróðum aðila umsjón með á grundvelli sérstaks ráðgjafarsamnings. Því sé m.a. vandséð að ætlað tjón megi rekja til sakar starfsmanna gæslunnar, eða eftir atvikum utanríkisráðuneytisins, sem í góðri trú hafa leitað leiða til að hreinsa leigusvæðið. Um verksamninga gildi sú meginregla að verk-taki beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem þriðji maður kunni að verða fyrir við framkvæmd verks, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 6. desember 2012 í máli nr. 237/2012, sbr. og gr. 6.8 rammasamningsins um ábyrgð og tryggingar. Í því ljósi ætti hér að sýkna stefndu LHG og íslenska ríkið á grundvelli aðilaskorts til varnar.

Stefndu telji jafnframt að ekkert saknæmt eða ólögmaett hafi átt sér stað við gerð forkönnunar Verkís hf. á svæðinu, er stuðst hafi verið við vandaðan undirbúning í samráði við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld og sem kynnt hafi verið stefnendum fyrir fram. Stefndu hafni því að það eitt og sér að skilja eftir hreinsunarhauga og hey á sökklum hafi falið í sér saknæma og ólögmaeta háttsemi. Stefndu árétti að fyrirhuguð hreinsun mengaðs jarðvegs hafi verið til hagsbóta fyrir stefnendur sem eigendur jarðarinnar og stefnendum mátt vera ljóst að gengið væri út frá því að hrossum í haga á Horni væri haldið innan girðingar. Verkís hf. hafi gert umfangsmiklar rannsóknir á svæðinu og haft samráð við bæði UST og HAUST til að tryggja að rétt yrði staðið að verkinu. Stuðst hafi verið við opinberar leiðbeiningar UST við framkvæmdina. Verkís hf. hafi þegar brugðist við öllum athugasemdum og tillögum sem borist hafi frá UST og HAUST og aðlagð áætlun og framkvæmd til samræmis við athugasemdir þeirra. Öryggisráðstafanir hafi verið viðhafðar í formi yfirbreiðsludúks og heys sem lagt hafi

verið meðfram tilraunahaugunum til að koma í veg fyrir frárennsli og stefnendur upplýstir um það hvernig framkvæmdin færi fram, m.a. að hey yrði notað. Hafi stefnendum þá verið í lófa lagið að benda stefndu á að búfenaður, sem stefndu hafi talið öruggan innan eigin girðinga, gæti komist í heyið, m.a. að virtum staðhæfingum í stefnu um að stefndu hafi mátt vera ljóst að hrossin myndu finna lykt af heyinu úr mikilli fjarlægð og reyna að komast í heyið. Ekki hafi því verið um að ræða að vanrækslu á upplýsingaskyldu gagnvart stefnendum, eins og haldið sé fram í stefnu, en engar athugasemdir hafi borist frá stefnendum um áformin.

Því sé hafnað að framkvæmd forkönnunarinnar hafi falið í sér brot á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, á þeim grunni sem haldið sé fram í stefnu. Hvorki UST né HAUST hafi talið að sækja þyrfti um starfsleyfi á grundvelli laga nr. 7/1998 fyrir rannsóknum og forkönnunum á svæðinu, auk þess sem stefnendur hafi ekki gerð viðhlítandi grein fyrir því með hvaða hætti þeir telji 6. mgr. 16. gr. þeirra laga eiga við. Að mati sérfræðinga sem komið hafi að framkvæmdinni hafi verið um að ræða meðhöndlun á menguðum jarðvegi sem reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg taki til, en ekki mengaðan úrgang, sbr. stefnu. Stefndu fái þá ekki séð að ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, s.s. um gerð áhættumats, hafi átt við í umræddu tilviki, er snúi öðrum þræði að velferð dýra. Stefndu hafni þá sjónarmiðum stefnenda um að 15. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 eigi við og árétti að umráðamanni dýra beri að tryggja öryggi þeirra. Stefnendur hafi vel getað gert það með því að halda hrossunum innan eigin girðinga í samræmi við samþykkt um búfjárhald á svæðinu. Í 1. mgr. 2. gr. hennar sé kveðið á um að búfjárhald, hrossahald þ.m.t., sé óheimilt utan lögbýla í sveitarfélaginu Hornafirði og samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 2. gr. eigi búfé ávallt að vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Því sé ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að stefnendur sjálfir séu með búfjárheldar girðingar og haldi hrossum sínum innan eigin girðinga.

Stefnendur hafi brugðist skyldum sínum sem umráðamenn dýranna, sbr. m.a. 6. og 14. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra sem og 10., 12. og 18. gr. reglugerðar nr. 910/2014, um velferð hrossa. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar skuli hafa að lágmarki vikulegt eftirlit með hrossum er gangi úti á beit eða á gjöf og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar beri umráðamanni hrossa að hafa aukið eftirlit, umfram það sem kveðið sé á um í 1. mgr., með m.a. nýfæddum, sjúkum og slösuðum dýrum og hryssum nálægt köstun og ef veður eða aðrar aðstæður krefjist. Í skýrslu Janine Arens dýralæknis frá 12. janúar 2021 komi fram að stóðið er um ræði hafi m.a. talið 12 fylfullar merar (þar af 10 mjólkandi) og 11 folöld. Ljóst sé að um folöld og fylfullar merar hafi verið að ræða, auk þess sem aðrar aðstæður hafi krafist sérstaks eftirlits með stóðinu, þ.e. lausaganga á þekktu mengunarsvæði, og því sé ljóst að umráðamanni hrossanna hafi borið að hafa reglulegt eftirlit með hrossunum, oftan en vikulega, og gera aðrar

ráðstafanir til að tryggja velferð þeirra, t.a.m. halda hrossin í ákveðnum hólfum eða á afgirtum svæðum. Þá sé ljóst að umráðamanni hrossa beri skylda til að tryggja aðgang hrossa að fóðri, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, en stefnendur haldi því fram að hrossin hafi sótt í gamalt hey þar sem stefnendur hafi „ekkert verið með þau á gjöf“. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segi skýrt að hross skuli hafa aðgang að fóðri a.m.k. tvisvar á sólarhring og skuli aðgangur að gróffóðri aldrei vera minni en sem svari til 4 kg af þurru heyi, daglega, fyrir hvert hross, en í 2. mgr. 10. gr. segi síðan að óheimilt sé að hafa folaldshryssu án vatns eða fóðurs lengur en 2 klst. Ekki verði því séð að stefnendur hafi virt umræddar búfjárskyldur sínar með fullnægjandi hætti.

Stefnendur hafi verið kunnugir aðstæðum og verið fyllilega ljóst að mengun væri að finna á Stokksnesi og að Verkís ynni að forkönnun um val á hreinsunaraðferðum á svæðinu. Þrátt fyrir það hafi stefnendur að eigin sögn ekki haldið hross sín í ákveðnum hólfum líkt og venja sé, heldur hafi þau verið höfð í lausagöngu án eftirlits þrátt fyrir að þeir hafi verið upplýstir formlega um fyrirhuguð áform. Hafi búfénaður komist út á nesið megi ætla að aðgangur hafi einnig verið opinn út á þjóðveg. Öryggissvæðið sé sérstaklega girt af og aðgangur takmarkaður vegna varnar- og öryggishagsmuna á grunni laga nr. 34/2008 og því ekki komið til greina að færa forkönnunina að stöðinni. En af öryggisástæðum sé aðgangur óviðkomandi að ýtrasta haftasvæðinu ekki heimill.

Ef fallist yrði á með stefnendum að veikindi hrossanna og ætlað tjón stefnenda megi rekja til mengaðs heys sem notað hafi verið við forkönnun Verkís á mögulegum hreinsunaraðferðum, er stefndu telji ósannað, sé með engu móti rökstutt í stefnu hver hlutur LHG hafi verið í ætluðu tjóni, nema ef vera skyldi að gæslan hafi vanrækt að koma upp gripheldri girðingu sem umlukið hafi hið leigða landsvæði. Stefndu, gæslan og ríkið, árétti hins vegar að í viðkomandi leigusamningum frá 1953 og 1954 sé ekki fjallað um gripheldar girðingar eða afdráttarlausu skyldu til að girða af svæðið. Þvert á móti sé í leigusamningnum frá 1953, sem lúti að því svæði er mál þetta varði, miðað við að leigusölum sé heimil frjáls umferð fram í Stokksnesvita og yfir á Austurfjörur, auk þess sem landeigendur haldi fjörubeit fyrir sauðfé sitt og rekarétti á hinu leigða landsvæði. Þótt gæslan hafi sumarið 2021 endurnýjað og endurbætt allar girðingar og aðgangshlið hafi það ekki falið í sér viðurkenningu á því að hún hafi vanrækt skyldur í þeim efnum. Þá hafi ástand girðingarinnar ekki verið bein orsök ætlaðs tjóns, auk þess sem ætlað tjón hafi ekki verið sennileg afleiðing meintrar vanrækslu. En vegna staðhátta, m.a. ágangs sjávar, sands og mikils sandfoks, geti verið erfitt að tryggja að búfénaður komist ekki inn á svæðið auk þess sem nær ómögulegt sé að girða svæðið svo griphelt sé fjörumegin. Vísist m.a. til skýrslu stefnanda, Ómars Inga, hjá lögreglu um að hrossin kæmust inn á svæðið á fjörum stöðum, auk þess sem stefnendur hafi haft umtalsverðar tekjur af gjaldtöku ferðamanna og hagsmuni af því að greiður aðgangur þeirra sé að svæðinu þrátt fyrir að leigusamningur heimili ekki slík not.

Ál hafi greinst í blóði hrossanna, en ál og járn í umhverfissýnum við Stokksnes gefi ekki til kynna ál- eða járnmengun né mengun af völdum blýs (PB), kadmíns (Cd) og kvikasilfurs, þ.e. í styrk umfram það sem vænta megi í óspilltri náttúru, sbr. skýrslu Guðjóns Atla Auðunssonar efnafræðings. Ekki hafi farið fram samanburðarmælingar á því hver bakgrunnsstyrkur áls sé í blóði annarra íslenskra hrossa á jarðfræðilega sambærilegu svæði en slíkt sé nauðsynlegt til að geta metið niðurstöðu mælinga á styrk áls í blóði umræddra hrossa á Horni. Þar sem ekki liggi fyrir hver sé eðlilegur bakgrunnsstyrkur áls í blóði hrossa á jarðfræðilega sambærilegu svæði sé ómögulegt að meta hvort eða hversu mikið blóðsýni mælast umfram eðlileg gildi. Ósannað sé að greinanlegt ál í blóði, hrossasótt, listeríusýkingu, eða annað, megi rekja til umrædds svæðis eða atvika er hinir stefndu beri ábyrgð á. Ljóst sé að ekki hafi verið fullsannað hvað hafi raunverulega orsakað veikindi hrossa stefnenda og að í gögnum málsins séu veikindin rakin til mögulegrar listeríusýkingar og hrossasóttar. Niðurstöður sýnis úr hryssunni Snædísi, dags. 21. janúar 2021, sýni að hryssan hafi verið með mótefni við listeríu, sem bendi til þess að ekki hafi verið um bráðaálmengun að ræða líkt og fram komi í skýrslu MAST, en sú skýrsla sé unnin áður en framangreindar niðurstöður frá 21. janúar 2021 hafi legið fyrir. Þá skuli áréttað að hrossasótt sé hægt að rekja til annarra orsaka, og sama eigi við um uppruna listeríusýkingar í hrossum, en listería sé baktería sem finnist víða í náttúru Íslands og finnist hjá fjölda dýrategunda.

Stefnendur telji að ætlað tjón þeirra felist í tímabundnum veikindum fjögurra hrossa og dauða einnar hryssu, NN, og virðast sjálfir áætla að útlagður kostnaður vegna veikinda hrossanna sé um 2 milljónir króna og að andvirði hryssunnar NN sem drapst hafi verið um 6 milljónir króna, en hryssurnar hafi verið lengi að festa fang í kjölfar veikindanna og frjósemi léleg. Stefndu bendi á að engin gögn hafi verið lögð fram þessum kröfum til stuðnings. Fullnægjandi sönnun á að meint tjón megi rekja til atvika er stefndu beri ábyrgð á liggi ekki fyrir, og verðmat hryssunnar byggi einungis á gæðum foreldra hennar en ekki á raunverulegu verðmæti fjögurra ára ótaminnar hryssu og reikningar vegna kostnaðar er hlotist hafi af veikindum hrossanna hafi ekki verið lagðir fram. Telji stefndu að eigið verðmat stefnenda sé ekki viðunandi. Þá hafi engin gögn verið lögð fram um að meint tjón tengist á nokkurn hátt frjósemi hrossanna. Hrossin hafi verið meðhöndluð við hrossasótt er virðist hafa gefið góða raun. Stefnendur hafi ekki upplýst hvort og að hvaða marki þeir kunni að eiga rétt til greiðslu bóta vegna ætlaðs tjónsatburðar, s.s. á grundvelli eigin trygginga eða eftir atvikum ábyrgðartryggingar meðstefnda Verkís, sbr. frádráttarreglu 4. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1993 og sjónarmið í dómi Hæstaréttar frá 30. ágúst 2005 í máli nr. 312/2005.

Telji stefndu að ef ekki standi rök til að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum beri að sýkna þá af öllum kröfum stefnenda. Til stuðnings kröfum stefndu um málskostnað vísist í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Verkís hf.

Af hálfu stefnda Verkís er öllum kröfum og röksemdum stefnenda alfarið hafnað.

Stefndi byggir einkum á því að stefndi hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi við ráðgjöf sína til LHG, í öðru lagi að stefnendur hafi ekki sannað orsakatengsl milli hins meinta heyáts hrossanna og veikinda þeirra og jafnframt dauða hryssunnar NN. Engin orsakatengsl hafi verið leidd í ljós af hálfu stefnenda milli hins meinta tjóns og þeirra athafna sem stefndi hafi viðhaft við ráðgjöf sína og tilraunir á framkvæmdasvæðinu í þeim tilgangi að hreinsa þá mengun sem myndast hafi við starfsemi LHG á svæðinu.

Í málinu gildi almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar utan samninga. Í þeim felist m.a. að sá sem krefjist skaðabóta verði að sanna að hann hafi orðið fyrir tilteknu tjóni og sömuleiðis að sanna umfang tjónsins. Auk þess beri hann sönnunarbyrðina fyrir því hver atvik að tjóninu hafi verið, að rekja megi tjónið til saknæmrar háttsemi þess sem hann telji bera skaðabótaábyrgð á tjóninu og að orsakatengsl séu á milli tjónsins og hinnar saknæmu háttsemi. Í þessu máli beri stefnendum því að sanna að tjón, er í dag sé enn óljóst, megi rekja til atvika er stefndi Verkís beri skaðabótaábyrgð á að lögum og þar með að bótaréttur hafi stofnast stefnendum til handa. Stefndi telji að stefnendur hafi ekki sannað þessi atriði og því komi ekki til álita að þeir eigi bótarétt. Meginreglan sé sú að hafi verknaður verið unninn innan marka venju á tilteknu sviði sé verknaður þar með ósaknæmur og lögmætur. Hafi hér ekkert komið fram sem leiðir til að slakað sé á framangreindum sönnunarkröfum eða sönnunarbyrði snúið við.

Stefndi byggir sýknukröfu í öðru lagi á því að það sé með öllu ósannað að stefndi eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við veitingu ráðgjafar til verkkaupa, LHG, um hreinsun á olíumengun á hinu leigða landsvæði. Málartilbúnaður stefnanda hvað sök varði virðist grundvallast á því að stefndi hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja að búfé kæmist í tilraunina og heyði í kringum hana. Stefndi mótmælir þessu alfarið, enda liggi það fyrir samkvæmt upplýsingum frá LHG að stefnendur þessa máls hafi óskað eftir að girðingar hins leigða landsvæðis yrðu hafðar opnar svo ferðamenn kæmust inn á svæðið. Það liggi einnig fyrir að stefnendur hafi selt ferðamönnum aðgang að hinu leigða svæði og sé svæðið orðið vinsælt meðal ferðamanna sem taki þar ljósmyndir. Stefnendum hafi því verið vel kunnugt um að landsvæðið væri opið, bæði dýrum og mönnum. Í ljósi þessa sé eðlilegt að hvorki stefndi né LHG hafi gefið ástandi girðingarinnar frekari gaum að þessu leyti. Stefndi telji því ljóst að sé einhver sök fyrir hendi liggi hún alfarið hjá stefnendum málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu í þriðja lagi á því að stefndi hafi ekki sannað að orsakatengsl séu til staðar milli háttsemi stefnda við ráðgjöf sína í þágu verkkaupa og þess tjóns er stefnendur telji sig hafa orðið fyrir þegar hross í eigu þeirra drapst og önnur veiktust. Sönnunarbyrði um atvik málsins hvíli á stefnendum, sem þýði að ef einhver

vafi sé fyrir hendi verði að skýra hann stefnendum í óhag. Þrátt fyrir að umrædd hross hafi sannarlega veikst og eitt drepist verði stefnda ekki kennt um það, heldur sé um að ræða óhappatilvik eða aðstæður sem stefndi geti ekki borið ábyrgð á.

Í leigusamningi LHG og stefnenda um landsvæðið, frá 1954, hvíli sú skylda á leigutaka að hafa landsvæðið afgirt „góðri“ girðingu í þeim tilgangi að hindra för búfjár inn á landið. LHG beri því ábyrgð á því að hafa girðinguna um svæðið í lagi. Telji stefndi þó afar mikilvægt að það komi fram að samkvæmt upplýsingum frá LHG hafi stefnendur óskað eftir því við LHG að girðingar í kringum landsvæðið yrðu ávallt hafðar opnar. Ástæðan að baki þeirri beiðni hafi verið sú að landeigandi seldi aðgang að svæðinu til ferðamanna sem ferðuðust inn á svæðið í skoðunarferðir. Hafi það því verið hagsmunir landeigenda, þ.e. stefnenda, að girðingar að hinu leigða landi yrðu ávallt hafðar opnar, að öðrum kosti kæmst ferðamenn ekki óhindrað inn á svæðið.

Stefnendur hafi ekki gert athugasemdir við ástand girðingarinnar fyrr, enda ljóst að svæðið hafi að mestu staðið opið að beiðni landeigenda. Svæðið hafi þannig staðið opið fyrir bæði mönnum og dýrum, án athugasemda frá landeigendum um langa hríð.

Í ljósi þess að svæðið hafi staðið opið sé með engu móti hægt að staðfesta að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem hross í eigu stefnenda hafi komist inn á svæðið og í raun sé með öllu ómögulegt að slá því föstu að svo hafi verið. Starfsmenn stefnda hafi þó aldrei, við hvoruga vettvangsferðina, orðið varir við búfénað á svæðinu eða í návígi við það. Því sé ekki rétt að meta það sem svo að starfsmenn stefnda hafi vitað eða mátt vita um að rétt væri að taka tillit til búfjár sérstaklega að þessu leyti við uppsetningu tilraunarinnar, enda hross eða aðrar skepnur hvergi sjáanlegar á svæðinu. Skuli það þá einnig nefnt að í lögregluskýrslu Lögreglustjórans á Suðurlandi komi m.a. fram að stefnandi Ómar Ingi Ómarsson hafi sagt að hrossin hefðu ekki farið inn á svæðið sl. 15–20 ár. Í skýrslunni komi einnig fram að hrossin í eigu stefnenda hafi ekki verið í ákveðnu hólf heldur verið laus inni á landi hans. Veki furðu að stefnandi hafi haft hrossin laus inni á landi sínu, vitandi að mengað landsvæði LHG stæði þeim opið (að beiðni þeirra) og tilraunir vegna hreinsunar á mengun stæðu yfir. Hljóti þetta að endurspegla þá staðreynd að stefnandi hafi verið í þeirri trú að hrossin myndu ekki nálgast svæðið, eða teldi ekki ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af því. Megi þá slá því föstu að stefnendur hafi haft fulla vitneskju um mögulega mengun á svæðinu.

Sé ljóst að stefndi hafi verið í góðri trú um að hvorki dýr né menn myndu nálgast landsvæðið á meðan tilraunin hafi staðið yfir svo þeim gæti stafað einhver hættu af.

Þá sé rétt að leiðrétta það að stefnda hafi mátt vera ljóst að hross myndu finna lykt af heyinu úr mikilli fjarlægð og reyna að komast í það. Fjarstæðukennt sé að halda því fram að það sé almenn vitneskja að hross finni lykt af heyi úr svo mikilli fjarlægð, einkum þá engin hross hafi verið sjáanleg starfsmönnum stefnda við vettvangsferðir.

Í stefnu segi að þegar annar stefnenda hafi farið inn á hið leigða landsvæði, 4. desember 2020, hafi honum strax orðið ljóst að hrossin hefðu étið „eitrad heyið og drukkið mengað vatnið“. Rétt sé þá að áréttta að í september 2020, tæpum þremur mánuðum áður en stefnandi hafi í fyrsta sinn sagst hafa orðið var við að hrossin hafi farið inn á svæðið, hafi engin olía af viti verið eftir í sandinum á haugunum. Stefndi hafi tekið ljósmynd af svæðinu í seinni vettvangsferð sinni, í september. Á myndinni sjáist að afar lítið hey sé eftir á svæðinu. Gera megi ráð fyrir að enn minna af heyi hafi verið eftir á svæðinu í desember sökum veðurs og vinds.

Í stefnu segi að hrossaskít hafi verið að finna víða á svæðinu og því augljóst að hrossin hafi verið þar. Þessu sé ekki mótmælt, en því þó mótmælt að stefnandi slái því föstu að hrossin hafi þá verið þar á ferð í fyrsta sinn í lok nóvember/byrjun desember 2020. Ómögulegt sé að halda því fram enda ljóst að girðingin hafi þá lengi staðið opin.

Engin leið sé að vita hve lengi hrossin hafi verið á svæðinu og hvort þau hafi verið þar áður. Ekki sé hægt að sanna að þau hafi ekki étið af heyinu áður, án vandræða og veikinda. Ef fullyrðingar standast um að hross finni lykt af heyi úr mikilli fjarlægð og sækí í það megi í raun leiða að því líkur að hrossin hefðu komist í heyið mun fyrr.

Þá segi í stefnu að stefnendum hafi orðið ljóst að hrossin hefðu „drukkið mengað vatnið“. Óljóst sé hvaða vatns sé verið að vísa til, þar sem vatn hafi ekki verið hluti af tilrauninni. Skammt frá tilraunasvæðinu sé lækur sem hrossin hafi mögulega drukkið úr, en hann hafi verið mengaður lengi og áður en stefndi hóf sína ráðgjöf á svæðinu.

Við rannsókn sína á svæðinu hafi starfsmaður stefnda tekið sýni úr umræddum læk er sýnt hafi verulega mengun og við þá sýnatöku hafi einnig fundist dauður fugl hjá læknum. Lækurinn sé því augljóslega óheilsusamlegur til drykkju. Á framlagðri ljósmynd sjáist vel að jarðvegurinn við bakka lækjarins sé olíumengaður og séu litur og olíubrúk greinilega sýnileg á myndinni. Stefndi beri ekki ábyrgð á umræddri mengun, heldur hafi þvert á móti unnið að því að fjarlægja hana með ráðgjöf sinni.

Ekki sé hægt að útiloka að hrossin hafi drukkið vatn úr læknum og orðið veik af því, fyrst þeim hafi verið frjálts för um svæðið, en stefndi beri þá ekki ábyrgð á því.

Í stefnu segi að eftir að hrossin hafi verið fjarlægð af svæðinu hafi stefnda láðst að hreinsa svæðið og hluti heysins verið skilinn eftir. Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því að ef litið er til ljósmyndar er tekin hafi verið við lok vettvangsferðar í september sjáist með greinargóðum hætti að ekki sé um mikið hey að ræða á svæðinu. Gera verði ráð fyrir því að í desember, þ.e. þremur mánuðum síðar, hafi verið enn minna magn af heyi eftir á svæðinu, sérstaklega ef hið meinta heyát hrossanna hafi átt sér stað í millitíðinni. Auk þess verði að gera ráð fyrir að einhver hluti heysins hafi fokið burt vegna veðurs og vinds. Ljóst sé því að frásögn stefnenda standist illa.

Í ljósi þess að stefnendur segist hafa komið hrossunum fyrir á öruggan stað innan grípheldrar girðingar, 4. desember 2020, sé óskýrt hvers vegna eitt hrossanna í eigu

stefnenda, hryssan NN frá Horni I, hafi drepist 21. desember 2020. Þegar sá atburður hafi átt sér stað hafi verið liðnar tæpar þrjár vikur frá því að stefnendur hafi tekið eftir að hrossin hafi verið komin inn fyrir girðinguna. Ljóst sé því að orsakatengsl milli þessara tveggja atburða séu afar fjarlæg og e.t.v. engin. Ástæða sé til að rannsaka betur hvort gera megi ráð fyrir að veikindi hrossanna hefðu ekki komið mun fyrr fram hefðu þau orsakast af áti þeirra á heyi af tilraunasvæðinu í byrjun desember.

Í stefnu komi fram að 16. desember 2020 hafi hryssan Snædís veikst alvarlega og þurft á lyfjum og aðstoð dýralæknis að halda. Hér hafi þá verið liðnir 12 dagar frá því að stefnandi hafi sagst hafa séð hrossin á beit inni á svæði LHG. Ljóst sé að hér sé um að ræða fjarstæðukennd orsakatengsl er geti ekki verið grundvöllur bótaábyrgðar.

Verkefnastjóra stefnda hafi borist kvörtun stefnanda 8. desember og þá strax verið brugðist við með beiðni til LHG um að fjarlægja leifar af heyinu og koma því inn fyrir afgirt svæði. Sama dag hafi stefndi fengið staðfestingu frá Guðmundi Ólafssyni, starfsmanni LHG, á því að starfsmenn LHG myndu sjá til þess að koma heyinu frá. Staðhæfingar um að engin viðbrögð hafi orðið við kvörtun stefnenda séu því rangar.

Minnt sé á þá meginreglu skaðabótaréttar að tjónþola beri að takmarka tjón sitt eftir bestu getu. Sé þá vakin athygli á SMS-samskiptum milli annars stefnenda og framkvæmdastjóra stefnda. Þar komi m.a. fram að hrossin færu inn á tilraunasvæði LHG á hverri nóttu. Veki furðu að stefnandi hafi ekki komið í veg fyrir slíkt þar sem hann hafi talið svæðið hættulegt hrossunum og orsakavald að alvarlegum veikindum þeirra. Meginreglan um takmörkun á eigin tjóni feli í sér að tjónþola sé skylt að gera þær ráðstafanir sem með sanngirni megi ætlast til af honum til að takmarka tjón sitt. Hefði stefnendum verið í lófa lagið að loka girðingu og hindra för hrossa inn á svæðið.

Í stefnu sé tekið fram að sláandi hátt gildi áls hafi mælst í blóði hrossanna er hafi verið með hrossasóttareinkenni. Sérfræðingar er starfi í þágu stefnda hafi þó ekki vitað til þess að tengsl séu milli áls og olíumengunar þar sem ekki sé að finna gögn um slík tengsl. Tilgangur tilvísana stefnenda um álmagn í blóði hrossanna sé með öllu óljós.

Stefnendur virðist heldur ekki hafa kannað hvort allur jarðvegur á svæðinu innihaldi mikið ál eða hvort það sé eingöngu þessi olíumengaði jarðvegur. Eins og fyrr greinir hafi stefnda ekki verið falið að skoða gildi áls í jarðvegi á svæðinu. Því sé möguleiki á að þetta sé náttúrulegt ál af svæðinu sem stefnda verði ekki um kennt.

Stefndi telji þá tilefni til að gera athugasemd við að í stefnu sé tiltekið að rannsókn Laboklin í Þýskalandi hafi staðfest að hryssan Snædís hafi verið með mót efni fyrir listeríu. Hins vegar hafi ekki verið sýnt fram á að nokkur tengsl séu á milli jarðvegsins og listeríu. Tilgangur þessarar tilvísunar stefnenda sé því sömuleiðis með öllu óljós.

Umrætt landsvæði í eigu stefnenda hafi lengi verið mengað. Aðkoma stefnda að því hafi aðeins falist í ráðgjöf um hvaða aðferðir gætu reynst best og talist viðeigandi við hreinsun á þeirri mengun. Ekki sé hægt að útiloka að hross í eigu stefnenda hafi

étið mengaðan jarðveg eða drukkið mengað vatn úr mýri á svæðinu eða læknum skammt frá tilraunasvæðinu. Stefndi verði ekki gerður bótaábyrgur fyrir mögulegum veikindum hrossanna af þeim sökum enda liggi ábyrgð á menguninni alfarið hjá LHG.

Gerð hafi verið athugasemd við það verklag stefnda að hafa ekki fjarlægt tilraunina um leið og seinni vettvangsferð stefnda hafi verið lokið. Telji stefndi þá rétt að vísa í verkáætlun sína, sem stefnendur hafi fengið afrit af, þar sem fram komi að niðurstöður sýnatöku úr seinni vettvangsferðinni myndu ákvarða um framhald tilraunarinnar, þ.e. hvort til frekari sýnatöku þyrfti að koma. Niðurstöður þeirrar sýnatöku hafi ekki borist fyrr en um miðjan október 2020 og stefndi lokið úrvinnslu á sýnunum í apríl 2021. Ómögulegt hefði því verið að taka niður tilraunirnar fyrr en eftir þann tíma.

Að því sögðu sé það áréttað að stefnendur hafi hvorki sannað né leitt að því líkur að meint heyát hrossanna á tilraunasvæðinu sé orsök umræddra veikinda þeirra og minni stefndi á það að veikindi hrossanna hafi öll komið upp á mismunandi tímum og í einhverjum tilvikum nokkrum vikum eftir að hrossin hafi verið fjarlægð af svæðinu.

Hrossin sem veiktust hafi fengið meðhöndlun við hrossasótt og öll sýnt batamerki við þeirri meðferð. Alþekkt sé að hross geti fengið hrossasótt, t.d. við fóðurbreytingar, og séu misjafnlega viðkvæm fyrir fóðurbreytingu. Liggi t.d. ekkert fyrir hvort umrædd hross hafi verið á gjöf annars staðar og kynnu því að hafa veikst af þeirri heygjöf.

Ósannað sé að tengsl séu á milli áts á menguðu heyi og hrossasóttar. Í stefnu komi fram að hrossin hafi sýnt mikil einkenni hrossasóttar en ekkert reynt að útskýra nánar að hvaða leyti einkenni hrossasóttar tengist hinu meinta áti hrossanna á heyinu.

Það sé meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans sé afleiðing tiltekinnar háttsemi. Stefnendum beri því að sanna með fullnægjandi hætti að háttsemi stefnda við framkvæmd ráðgjafar í þágu LHG hafi verið saknæm ásamt því að sanna orsakatengsl milli hinnar meintu saknæmu háttsemi og þess tjóns sem stefnendur hafi orðið fyrir. Þetta hafa stefnendur þó alls ekki gert í þessu máli.

Stefndi hafi ekki átt bein samskipti við stefnendur á meðan verkefni stefnda hafi staðið yfir á Stokksnesi. En þá verkefnastjóra stefnda barst kvörtun annars stefnenda 8. desember 2020 hafi strax verið brugðist við og beiðni send LHG að fjarlægja heyið.

Stefndi hafni ábyrgð á meintu tjóni stefnanda enda hafi hann aðeins sinnt ráðgjöf í þágu LHG og viðhaft allar nauðsynlegar ráðstafanir er hægt sé að ætlast til. Byggt sé á reglum skaðabótaréttar en málskostnaðarkrafa byggja á XXI. kafla laga 91/1991.

Niðurstaða

Málavextir liggja hér í megindráttum fyrir, en fyrir dómi gáfu skýrslu stefnendur, Ómar Antonsson og Ómar Ingi Ómarsson, starfsmenn stefnda LHG, Jón B. Guðnason og Guðmundur Ólafsson, þá starfsmenn stefnda Verkís hf., Erla G. Hafsteinsdóttir og

Margrét Traustadóttir, þá Janine Arens dýralæknir, Natasa Desnica hjá Matís, Sigríður Björnsdóttir, sérgreina dýralæknir MAST, og Guðjón Atli Auðunsson efnafræðingur.

Hvað varðar þá fyrst athugasemdir stefndu, íslenska ríkisins og LHG, um að krafa stefnenda uppfylli hér mögulega ekki að lágmarki réttarfarsskilyrði til efnismeðferðar í viðurkenningarmáli, þá telur dómurinn vera nægilega sýnt fram á í gögnum málsins að stefnendur hafi hér ótvírætt orðið fyrir nokkru tjóni, þ.e. vegna dauða einnar hryssu og veikinda fjögurra annarra hrossa í þeirra eigu, þótt deila megi um umfang tjónsins. Vissulega er gagnaöflun af hálfu stefnenda í ýmsu tilliti áfátt, t.d. varðandi þá hryssu er sögð er hafa fundist dauð, en dómurinn telur þó sannað, m.a. með vitnisburði Janine Arens, að svo sé í reynd, auk þess sem í málinu liggja fyrir reikningar vegna kostnaðar stefnenda, sem virðast þó almennt vera stílaðir á félagið Litla horn, en þó a.m.k. einn á Ómar Inga, auk þess sem ekki virðist hér deilt um að stefnendur hafi þá átt umrædda hesta. Telst málið því að mati dómsins tækt til efnismeðferðar eins og það liggur fyrir.

Hvað varðar efnishlið málsins þá fellst dómurinn á það með stefndu, að almennar sönnunarreglur leiði hér til þess að stefnendur, sem gera hér kröfu um að felld verði bótaábyrgð á stefndu vegna sannaðs fjártjóns þeirra, þurfi þá að sanna sök stefndu og orsakatengsl, nema sérstök sjónarmið kunni að eiga hér við. Verður þá í því sambandi m.a. að líta til þess hvaða raunhæfu úrræði stefnendur teljast hafa eins og stendur á til að sýna fram á sök og orsakatengsl og hvort þau hafi þá verið fullnýtt af þeirra hálfu.

Stefnendur byggja hér meinta sök stefndu á nokkrum málsástæðum, þá helst þeim að stefndi LHG, sem hafi óumdeilt umsjón með hér umræddu svæði á Stokksnesi í umboði leigutakans, stefnda íslenska ríkisins, hafi hér ekki tryggt öryggi svæðisins nægilega í umrætt sinn, með því að hafa þar búfjárheldar girðingar eins og leigusamningar aðila frá 1953 og 1954 mæli þó fyrir um, samkvæmt túlkun stefnenda, þannig að umrædd hross stefnenda hafi komist inn á svæðið og síðan étið þar mengað hey og drukkið mengað vatn á umræddu tilraunasvæði Verkís hf. og orðið þannig meint af. Enn fremur að stefndi Verkís hf. beri þá ábyrgð á umræddri tilraun og ætlaðri mengun frá henni. Allir stefndu neita sök eða að hafa hafst nokkuð það að er fari í berhögg við lög og telja að ekki hafi verið sýnt fram á orsakir þess að hrossin veiktust og eitt drapst.

Með hliðsjón af framansögðu telur dómurinn að þegar virt verður ólögmæti og sök í málinu þá verði hér að líta til þess að allar framkvæmdir á umræddu svæði eru, a.m.k. gagnvart stefnendum og öðrum, á ábyrgð stefnda LHG og íslenska ríkisins, en að það samkomulag sem þessir aðilar hafi gert sín á milli, um að stefndi Verkís skuli bera e.k. ábyrgð á hér umræddri tilraun, geti í besta falli haft þýðingu í þeirra innbyrðis lögskiptum eða verið til þess fallið að skerpa á ábyrgð Verkís gagnvart þriðju aðilum.

En áður en vikið verður frekar að þeim málsástæðum og fleirum sem málsaðilar hafa hér uppi um meint ólögmæti og sök í málinu þá telur dómurinn rétt að viðhafa þá nálgun að víkja fyrst að sönnun mögulegra orsakatengsla í málinu, en ótvírætt er

að þau eru ætíð skilyrði þess að skaðabótaskylda á þessum grunni geti komið til álita. Verður þá hér að líta til þess að í málinu liggja fyrir nokkuð misvísandi gögn um þetta, en dómurinn telur þó nægilega sannað með vitnisburði stefnanda Ómars Inga, sem og vitnisins Guðmundar Ólafssonar, starfsmanns LHG á Stokksnesi, að umrædd hross stefnanda hafi sannarlega komist inn á leigusvæði stefnda LHG og étið þar af heyrúllu.

Fyrst ber hér að nefna skýrslu Janine Arens dýralæknis, ásamt með niðurstöðum frá Laboklin og úr öðrum blóðsýnamælingum á hinum fjóru veiku hrossum sem hún vitjaði í þremur læknisvitjunum að Horni í nóvember og desember 2020, sem og skoðunarvottorð hennar, dags 15. febrúar 2021, vegna dauðu hryssunnar NN er fannst. En eins og dýralæknirinn lýsti fyrir dómi telur hún allar líkur til þess að hin skyndilega útbreidda veikindi hrossanna og þá dauði eins þeirra verði ekki útskýrð með nærtækari skýringu en þeirri að þau hafi komist í mengað hey og vatn á svæðinu við Stokksnes.

Þá liggur hér fyrir skýrsla frá MAST, sem sögð er frá janúar 2021, unnin af Sigríði Björnsdóttur dýralækni, er í ljósi mælinga frá Matís á sýnum úr hinum veiku hrossum, og á jarðvegs og heysýnum frá Stokksnesi, taldi sýnt að líklegasta skýring hrossasóttar væri óvenju há gildi á áli, bæði í umhverfissýnunum og í blóðsýni þriggja hrossanna. Heilbrigð hross ættu ekki að greinast með ál í blóði og slíkt væri óþekkt vandamál hérlendis en þó vel þekkt víða erlendis og gæti þá leitt til slíkra hrossasóttareinkenna þar sem slíkt ylli truflun á kalsíum-fosfór-jafnvægi. Dró hún þá ályktun að álmengun á Stokksnesi hefði borist með heyi eða vatni í hrossin og líklegast valdið veikindunum.

Loks liggur þá hér fyrir skýrsla Guðjóns Atla Auðunssonar efnafræðings, unnin að beiðni stefnda LHG, þar sem staðhæft er að umrædd umhverfissýni, sem Matís hafi unnið með frá Stokksnesi, gefi ekki til kynna álmengun eða ál umfram það sem vænta megi í óspilltri náttúru. Hvað svo varði hér fyrirbyggjandi mæligildi á áli í blóðsýnum hrossanna er veiktust að Horni þá liggi ekki fyrir samanburðarmælingar á því hver sé eðlilegur bakgrunnsstyrkur áls í blóði annarra hrossa á umræddu samanburðarsvæði. Taldi hann ekki sýnt fram á að umrædd álgildi gætu talist líkleg orsök veikindanna.

Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda á sviði dýralækninga, verður að virða allt framangreint og fyrirbyggjandi gögn og vitnisburði í málinu með hliðsjón af því að alls kostar óljóst sé hvaða ástæður leiddu til dauða einnar hryssu og hrossasóttar hjá fjórum öðrum tilgreindum hrossum, er fengu meðhöndlun og virðast öll hafa komist til heilsu að nýju. Gera verði þó í öllu falli athugasemdir við að a.m.k. tvö hrossanna, mjólkandi merar, hafi ekki fengið viðeigandi meðferð við klumsi með kalkgjöf, heldur lyfjameðferð við Hvanneyrarsótt, er hafi vísast tafið bata þeirra frekar en hitt. Sú skýring sem stefnendur byggja hér á, að álmengun frá heyi við Stokksnes sé sannanlega orsök þessa, sé í raun aðeins einn mögulegur skýringarkostur, en annar möguleiki sé t.d. sá að fóðurbreytingar þegar hrossin voru færð til gjafar upp við bæ stefnanda frá og með 4. desember 2020 hafi hér allt eins getað valdið hrossasóttinni.

Að mati dómsins verður í því sambandi að horfa til þess að hryssan Nál, sem ekki var mjólkandi, fékk samkvæmt gögnum væg einkenni af hrossasótt og svaraði strax meðferð. Var þetta 10 dögum áður en hrossin fóru fyrst sannarlega upp á Stokksnes en veikindi hennar uppgötvast þá verið er að reka hrossin heim. Aðstæður Nálar eru því aðrar en hinna hrossanna. Hin þrjú hrossin veiktust svo, að því að er virðist, 12 og 17 dögum eftir að hafa verið uppi á hinu mengaða svæði, en höfðu þá verið á rúllugjöf allt frá 4. desember. Þór, sem er geldingur, fékk væg einkenni hrossasóttar og svaraði strax meðferð. En hinar mjólkandi hryssur, Snædís og Víóla, urðu klumsa í kjölfar streitunnar af að fá hrossasótt. Slíkt geti naumast verið eitrunareinkenni, heldur sé þá um að ræða efnaskiptasjúkdóm tengdan streitu, sem valdi því að styrkur kalsíumjóna í blóði fellur, en algengt er að þetta gerist hér á landi og þá við mismunandi aðstæður.

Erfitt er því að fullyrða um orsök fyrir hrossasóttinni líkt og stefndu byggja á. En við svo búið er ekki unnt að rekja ástand hrossanna til tilraunarinnar á Stokksnesi, eða svæðisins þar, er þó var sannanlega mengað, en umrædd hross sýndu hins vegar engin sjúkdómseinkenni fyrstu dagana eftir að hafa verið þar. Til að greina þetta nánar hefðu stefnendur, líkt og stefndu hafa bent á, getað neytt þess úrræðis að láta vinna matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem m.a. hefði getað leitt í ljós atriði eins og það hver geti talist vera eðlileg algildi, þá bæði í náttúrunni sem og í hrossum á umræddu svæði, og þá hvaða aðstæður séu til þess fallnar að leysa ál úr læðingi og þá m.t.t. aðstæðna hér.

Þau gögn sem stefnendur hafa þó lagt hér fram duga þannig að mati dómsins ekki til þess að sýna fram á eða a.m.k. gera það nægilega líklegt að umræddur krankleiki í hrossunum hafi ótvírætt haft að gera með mengun frá umræddum safnhaugum eða frá heyi á vegum stefnda Verkís er var á leigulandi því sem stefndi LHG hefur til umráða. Eina sem liggur óyggjandi fyrir er að visst hlutfall áls greindist í sýnum. Enn fremur telur dómurinn sem fyrr segir aðra skýringarkosti í raun vera hér allt eins nærtæka. Telur dómurinn því í öllu falli ljóst að lögfull sönnun um bótaábyrgð verður ekki reist á svo veikum grunni þegar kemur að orsakatengslum og verða stefnendur að bera halla af því þar sem þeir virðast hafa haft viss úrræði til að afla frekari sönnunargagna, sem hefðu getað verið til þess fallin að varpa ljósi á staðhæfingar þeirra, sem ekki var gert. Verður því með hliðsjón af því að stefnendum hefur hér ekki tekist að sýna nægilega fram á orsakatengsl að sýkna þá þegar alla stefndu af dómkröfum stefnenda í málinu.

Að öllu hér framangreindu virtu verður ekki séð að aðrar tilgreindar málsástæður málsaðila geti þá við svo búið haft sérstaka þýðingu við úrlausn málsins eða þá að þær geti leitt hér til annarrar niðurstöðu í því, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Eins og málið er vaxið þykir þó vera rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið flutti fyrir stefnendur málsins Auðun Helgason lögmaður, en Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður flutti málið fyrir stefndu íslenska ríkið og Landhelgisgæslu Íslands, en Gunnar Sturluson lögmaður flutti málið fyrir stefnda Verkís hf.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn sem dómsformaður ásamt með þeim Barböru Björnsdóttur héraðsdómara og Helga Sigurðssyni dýralækni.

Dómsorð:

Stefndu, íslenska ríkið, Landhelgisgæsla Íslands og Verkís hf., eru sýknaðir af dómkröfum stefnenda, Ómars Antonssonar og Ómars Inga Ómarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson
Barbara Björnsdóttir
Helgi Sigurðsson